



Tillaga að breyttu skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum

Í framhaldi af umfjöllun í bæjarráði og frekari úrvinnslu bæjarstjóra er lagt til að Ísafjarðarbær segi sig úr Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) á ársfundi byggðasamlagsins 2017 og geri jafnframt eftirfarandi tillögu til ársfundarins og aðildarsveitarfélaga BsVest vegna málefna fatlaðs fólks á Vestfjörðum.

Sveitarfélög á Vestfjörðum geri með sér nýjan samning um sameiginlegt þjónustusvæði á Vestfjörðum vegna þjónustu við fatlað fólk. Samningurinn kveði á um að Ísafjarðarbær taki við ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum. Ísafjarðarbær verði þannig leiðandi sveitarfélag á Vestfjörðum með sama hætti og sveitarfélagið Skagafjörður er leiðandi fyrir þjónustusvæðið á Norðurlandi vestra. Stjórn og framkvæmd samningsins verði í höndum bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri málaflokks fatlaðs fólks verði sameiginleg með þátttökusveitarfélögunum, líkt og nú er hjá BsVest. Verkefnahópur BsVest haldi óbreyttu hlutverki, þ.e. verði ráðgefandi um fjárhagsáætlanir, rekstrarupplýsingar, þjónustustig innan svæðis, stöðugildapörf og starfsáætlanir starfsstöðva. Þjónustusamningar sveitarfélaganna, sem nú eru við BsVest, verði við Ísafjarðarbæ. Sveitarfélögin sinni eftir sem áður nærþjónustu, s.s. ráðgjöf, stuðningsfjölskyldum og frekari liðveislu en Ísafjarðarbær hafi alfarið á sínu sviði sólarhringsþjónustu, skammtímavistun og iðju/hæfingu.

Tillagan byggir á lögum um málefni fatlaðra, þar sem segir: „Sveitarfélög er hafa samvinnu um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á einu þjónustusvæði er heimilt að fela einu þeirra skipulag og framkvæmd þjónustunnar og tekur það þá ákvarðanir um þjónustu fyrir hönd annarra sveitarfélaga á svæðinu.“

Sveitarfélagið Skagafjörður tók við ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk á Norðurlandi vestra í ársbyrjun 2016. Það var gert með samningi allra sjö sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra um sameiginlegt þjónustusvæði um þjónustu við fatlað fólk. Frá árinu 2011 höfðu sveitarfélögin verið í samstarfi innan byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks, ásamt Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð, þar sem ábyrgð á þjónustunni var þó hjá hverju félagsþjónustusvæði fyrir sig.

Fulltrúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar átti fund með á Sauðárkróki 22. mars síðastliðinn, ráðlögðu Ísafjarðarbæ eindregið að sækjast eftir því að verða leiðandi sveitarfélag í málaflokki fatlaðra á Vestfjörðum, sögðu þau m.a. að á þjónustusvæði Norðurlands-vestra hefði stjórnun orðið markvissari og ýmis hagræðing gengið mun betur eftir að þessi leið var farin.

Með því að fara þá leið sem tillagan gerir ráð fyrir telur undirritaður að stjórnun verði markvissari, yfirstjórn einfaldari og fjármagn nýtist betur – til hagsbóta fyrir sveitarfélögin og þjónustuþega á þjónustusvæði BsVest.

Markmið og rökstuðningur

Markmið Ísafjarðarbæjar með tillögunum er markvissari stjórnun málaflokksins og betri nýtingu stöðugilda og fjármuna. Fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar sinnir í dag yfir 80% af þjónustunni sem heyrir undir BsVest og hefur alla burði til að stýra málaflokknum á Vestfjörðum. Veruleg samlegðaráhrif ættu að nást af rekstri yfirstjórnar málaflokksins innan fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar, þar sem nú starfar fjöldi sérfræðinga. Þjónustuþegar eru tiltölulega fáir á Vestfjörðum og því myndi í flestum tilfellum vera hægt að fjölga þjónustuþegum á hvern forstöðumann, þroskaþjálfara, ráðgjafa og stjórnanda, sem þýddi þá betri nýtingu stöðugilda. Einnig gefur þetta nokkurn kost á beinna samband við ráðuneytin og greiningaraðila þegar það á við.

Í Ísafjarðarbæ hefur verið unnin mikil vinna í þá átt að hagræða, nýta tíma, fjármuni og stöðugildi betur og hefur náðst gríðarlegur árangur. Starfsfólk fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar telur að hægt sé að gera enn betur ef yfirstjórn málaflokksins á Vestfjörðum yrði á hendi þeirra teyma sem starfrækt eru hjá Ísafjarðarbæ.

Ísafjarðarbær gefur BsVest upplýsingar um fjölda fólks í virkri þjónustu, jafnframt fara allar upplýsingar frá Greiningarstöð, vegna SIS-mats einstaklinga, til BsVest. Ísafjarðarbær upplýsir BsVest á hverjum tíma um hversu mikil þjónusta er veitt og hvernig hún skiptist, auk upplýsinga um fjölda stöðugilda og rekstrarniðurstöður eininga. BsVest er þar með milliliður – sem getur kostað tafir og misskilning.

BsVest hefur staðið í eldlínunni í þeirri miklu og erfiðu hagsmunabaráttu sem vestfirsk sveitarfélög hafa því miður þurft að standa í við ríkið í kjölfar yfirfærslu málaflokks fatlaðra. Næstum allur rökstuðningur fyrir þjónustunni, hagræðingarhugmyndum, starfsmannastjórnun og samþættingu er þó í höndum fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar. Vegna þess hve miklir hagsmunir eru í húfi má telja það haldbær rök að aðilinn sem veitir lungann af þjónustunni tali einnig máli svæðisins hjá ráðuneyti, Jöfnunarsjóði og greiningaraðilum, milliliðalaust.

Aðdragandi málsins

Þann 26. október 2016 barst Ísafjarðarbæ erindi frá Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) þar sem óskað var eftir að Ísafjarðarbær samþykkti áframhaldandi samstarf um starfrækslu BsVest með staðfestingu nýs samstarfssamnings milli aðildarsveitarfélaga BsVest. Á fundi sínum þann 7. nóvember óskaði bæjarráð Ísafjarðarbæjar svo eftir umsögn fjölskyldusviðs á samningnum og frestaði erindi BsVest á meðan.

Þann 21. nóvember kom málið aftur á dagskrá bæjarráðs og var þar lagt fram minnisblað sviðsstjóra fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar um samstarfsvettvanginn BsVest. Á fundinum var rætt um það hvort óska ætti eftir að breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi þjónustu við fólk með fötlun á Vestfjörðum. Bæjarráð ályktaði á þessum fundi að fela bæjarstjóra að ræða við framkvæmdastjóra BsVest, um þann möguleika að Ísafjarðarbær taki yfir hlutverk BsVest.

Bæjarstjóri átti í framhaldinu samræður við framkvæmdastjóra BsVest ásamt formanni bæjarráðs og einnig ræddi bæjarstjóri málið við stjórn BsVest. Á grunni þess var minnisblaðið dagsett 12. janúar lagt fyrir bæjarráð.

Í minnisblaði bæjarstjóra til bæjarráðs þann 12. janúar voru kynntar tvær tillögur að nýrri nálgun um samstarf sveitarfélaga um málefni fatlaðra á Vestfjörðum. Aðaltillagan gekk út á að Ísafjarðarbær myndi vista BsVest og sjá um alla starfsemi þess. Varatillagan snerist um að Ísafjarðarbær segði sig úr BsVest og ræki þjónustuna á eigin vegum – þó þannig að öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum yrði boðið að sameinast um þjónustusvæði með Ísafjarðarbæ.

Bæjarráð fjallaði málið á fundi sínum þann 16. janúar 2017 og ákvað að fela bæjarstjóra að kynna fyrir hinum sveitarfélögunum í BsVest þær tillögur Ísafjarðarbæjar um þjónustu við fatlað fólk sem kynntar voru í minnisblaði bæjarstjóra. Í þeim tillögum var rætt um að Ísafjarðarbær tæki að sér rekstur BsVest og þjónustaði þannig stjórn BsVest og aðildarsveitarfélögin.

Tillögurnar um breytta aðkomu að þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum voru kynntar á fundi aðildarsveitarfélaga BsVest sem haldinn var á Hólmavík 25. janúar 2017. Á fundinn voru boðaðir oddvitar og framkvæmdastjórar sveitarfélaganna, en sveitarfélögunum var þó heimilt að senda fleiri fulltrúa á fundinn. Fulltrúar aðildarsveitarfélaganna höfðu margir efasemdir um tillögurnar og töldu þær ekki nægilega skýrar. Þess var óskað að endanleg tillaga yrði mótuð betur og formlega kynnt sveitarfélögunum þannig að taka mætti afstöðu í sveitarstjórnnum áður en tillaga yrði borin upp á ársfundi BsVest 2017.

Á grunni ofangreindra viðræðna og ábendinga frá verkefnastjóra BsVest ákváðu bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og sviðsstjóri fjölskyldusviðs að heimsækja Sveitarfélagið Skagafjörð og kynna sér þeirra nálgun, en þar var byggðasamlagið einmitt lagt niður og Sveitarfélagið Skagafjörður gerðist leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðra á svæðinu.

Í framhaldi af viðræðum við fulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar og ráðleggingum þeirra er nú lagt til að í stað þess að Ísafjarðarbær sjái um rekstur BsVest taki Ísafjarðarbær að sér að vera leiðandi sveitarfélag í þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum.

Um BsVest

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks var stofnað 23. desember 2010. Þau sveitarfélög sem að byggðasamlaginu koma eru Ísafjarðarbær, Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Kaldaneshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð. Þessi sveitarfélög skiptast í fjögur félagsþjónustusvæði þ.e. fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar, félagsþjónustuna við Djúp, félagsþjónustu Stranda- og Reykhóla og félagsþjónustu vestur Barðastrandasýslu.

BsVest hefur milligöngu í öllum samskiptum við ráðuneyti og greiningaraðila um málefni fatlaðs fólks í þeim sveitarfélögum sem undir byggðasamlagið heyra.

Byggðasamlag Vestfjarða er skipað sveitarfélögum sem skiptast á landfræðilega stórt og dreifbýlt svæði þar sem gjarnan er illfært á milli svæða stóran hluta af ári. Ísafjarðarbær er langstærsta sveitarfélagið innan byggðasamlagsins og veitir umfangsmestu þjónustuna við fatlað fólk eða sem metið er til 83,51% af heildarkostnaði við þjónustuna. Þá er rekstur Hæfingarstöðvarinnar Hvestu og skammtí mavistunar, sem byggðasamlagið starfrækir, alfarið í höndum Ísafjarðarbæjar en þjónustuna nýta einnig einstaklingar frá öðrum sveitarfélögum.

Þjónustusvæði vegna málefna fatlaðs fólks

Í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, segir í 4. grein: „Landinu skal skipt í þjónustusvæði þannig að á hverju þjónustusvæði séu að lágmarki 8.000 íbúar. Fámennari sveitarfélög skulu hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk skv. 1 mgr. og bera þau þá sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og kostnaði vegna hennar nema annað sé tekið fram eða leið af öðrum lögum“. Þá segir jafnframt „Sveitarfélög er hafa samvinnu um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á einu þjónustusvæði er heimilt að fela einu þeirra skipulag og framkvæmd þjónustunnar og tekur það þá ákvarðanir um þjónustu fyrir hönd annarra sveitarfélaga á svæðinu. Jafnframt er þeim heimilt að fela skipulag og framkvæmd þjónustunnar sérstökum lögaðila sem þau eiga aðild að, svo sem byggðasamlagi“.

17. febrúar 2014 skipaði félags- og húsnæðismálaráðherra starfshóp til þess að endurskoða lög um málefni fatlaðs fólks. 14. október 2016 skilaði starfshópur skýrslu til velferðarráðuneytis þar sem lagt er til að fallið verði frá því fyrirkomulagi að þjónustusvæði fyrir fatlað fólk innihaldi að lágmarki 8.000 íbúa, með tiltölulega þröngum undanþáguheimildum. Þá er jafnframt lagt til að tekið verði upp sama fyrirkomulag og gilt hefur skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þar sem sveitarfélögum er í raun frjálst að mynda með sér þjónustusvæði eftir því sem best hentar.

Virðingarfyllt,

Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri